

# Íslenska stærðfræðafélagið

## SKÝRSLA STJÓRNAR FYRIR ÁRIÐ 2016

Lögð fram á aðalfundi þriðjudaginn 9. maí 2017

### Aðalfundur og stjórn

Síðasti aðalfundur var haldinn 12. maí 2016. Jón Ingólfur Magnússon og Ragnar Sigurðsson viku úr stjórn, en í þeirra stað voru kosin Ingunn Gunnarsdóttir og Sigurður Örn Stefánsson.

Í stjórn félagsins árið 2016 voru Sigurður Freyr Hafstein formaður, Bergsteinn Einarsson féhirðir, Ingunn Gunnarsdóttir ritari, Bjarnheiður Kristinsdóttir og Sigurður Örn Stefánsson meðstjórnendur.

Ákveðið var að félagsgjöld héldust óbreytt 3000 kr en 1500 fyrir eldri borgara. Ólafur Ísleifsson var endurkjörinn skoðunarmaður reikninga og Kristín Halla Jónsdóttir til vara.

Á fundinum var samþykkt að tíu nýir félagar gengju í félagið og eru félagar þess nú alls 270.

### Bókaverðlaun á stúdentsprófi

Líkt og áður verðlaunaði Íslenska stærðfræðafélagið nýstúdentana fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði á stúdentsprófi. Verðlaunin voru bókin *Síðasta setning Fermats* eftir Simon Singh. Verðlaunahafar vorið 2016 voru alls 26 og jólnin 2017 voru þeir alls 7 talsins. Einnig voru veitt verðlaun þremur nemendum í frumgreinadeild Háskólans í Reykjavík.

Nánari upplýsingar um verðlaunahafana er að finna á heimasíðu félagsins [stae.is/isf](http://stae.is/isf).

### Stærðfræðikeppnir

Framkvæmdanefnd Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema skipa nú þau Auðun Sæmundsson, Bjarnheiður Kristinsdóttir, Friðrik Diego, Gunnar Freyr Stefánsson, Jóhanna Eggertsdóttir, Íris Teresa Emilsdóttir og Marteinn Þór Harðarson. Nefndin fundar að jafnaði einu sinni í viku; semur keppnisdæmi og heldur utan um hjálfun og annað skipulag tengt innlendum sem erlendum stærðfræðikeppnum.

Danmörk var umsjónaraðili Norrænu stærðfræðikeppninnar vorið 2016. Guðbjörn Freyr Jónsson var tengiliður okkar vegna keppninnar en nefndin var honum innan handar við yfirferð úrlausna. Keppnin fór fram þann 3. apríl 2016 og tóku 85 keppendur þátt. Að þessu sinni fékk einn nemandi, David Wörn frá Svíþjóð,

fullt hús stiga, 28 stig af 28 mögulegum stigum. Næst honum komu þrír keppendur frá Svíþjóð og Noregi með 21 stig en efstur íslensku keppendanna var Hjalti Þór Ísleifsson í fimmta sæti með 20 stig.

Ólympíulið Íslands í stærðfræði sumarið 2016 skipuðu þau Atli Fannar Franklín úr MA, Álfheiður Edda Sigurðardóttir, Elvar Wang Atlason, Hannes Kristinn Árnason, Guðjón Helgi Auðunsson og Martha Guðrún Bjarnadóttir úr MR. Þau fóru til Hong Kong með Jóhönnu Eggertsdóttur fararstjóra. Marteinn Þór Harðarson var dómnefndarfulltrúi fyrir Íslands hönd. Alls tóku 602 nemendur frá 109 löndum þátt í keppninni, þar af 71 stúlka. Á úrslitakvöldinu voru afhent 44 gullverðlaun, 101 silfurverðlaun, 135 bronsverðlaun og 162 heiðursviðurkenningar en keppendur frá Íslandi tóku ekki við neinu slíku þetta sinnið.

Förkeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema fór fram þann 4. október 2017 og voru þátttakendur alls 377, þar af 245 á neðra stigi og 132 á efra stigi frá alls 24 skólum. Efstu nemendur á báðum stigum, alls 47 nemendur fengu þátttökurétt í lokakeppninni. Efstir á neðra stigi urðu Tómas Ingi Hrólffsson MH, Árni Bjarnsteinsson MR og Andri Snær Axelsson VÍ. Efstir á efra stigi voru ólympíuliðsfélagarnir Guðjón Helgi Auðunsson MR, Atli Fannar Franklín MA og Elvar Wang Atlason MR.

Lið Íslands í Eystrasaltskeppninni í Oulu í Finnlandi 3.-7. nóvember 2016 skipuðu þeir Atli Fannar Franklín, Elvar Wang Atlason, Garðar Sigurðarson, Guðjón Helgi Auðunsson og Tómas Ingi Hrólffsson. Fararstjórar og þjálfarar voru Marteinn Þór Harðarson og Sigurður Jens Albertsson. Lið Íslands hafnaði í 11. sæti með 20 stig en efst var lið Póllands með 95 stig.

Lokakeppni stærðfræðikeppni framhaldsskólanema veturinn 2016–2017 var haldin laugardaginn 4. mars 2017. Til keppni mættu þrjátíu og fjórir nemendur og var Atli Fannar Franklín í fyrsta sæti með 50 stig af 60 mögulegum, Hrólfur Eyjólfsson úr MR í öðru sæti með 46 stig og hnífjafnir að stigum í þriðja til fjórða sæti með 44 stig voru þeir Guðjón Helgi Auðunsson og Garðar Sigurðarson úr MR.

## Fundir á árinu

Fundur 15. apríl 2016

Fyrirlesari: Jón Guðnason

Efni: Leiðbeind þjálfun tauganeta

Fundargestir: 23

Fundur 5. október 2016

Fyrirlesari: Peter M. Neumann

Efni: Galois and his groups

Fundargestir: 40

Fundur 23. nóvember 2016  
Fyrirlesari: Lauren Childs  
Efni: Modeling Infectious Disease Dynamics: Ebola and Zika  
Fundargestir: 14

Jólafundur 28. desember 2016  
Fyrirlesari: Skúli Guðmundsson  
Efni: Interest Rate Modelling in the Real World  
Fundargestir: 34

Fundur 25. janúar 2017  
Fyrirlesari: Örn Arnaldsson  
Efni: Titans of Symmetry  
Fundargestir: 22

Fundur 22. febrúar 2017  
Fyrirlesari: Reynir Axelsson  
Efni: Fáguð hreyfikerfi  
Fundargestir: 23

Fundur 29. mars 2017  
Fyrirlesari: Jón Karl Sigurðsson  
Efni: Continuum and Course-Grained Modeling of Lipid Bilayer  
Fundargestir: 11

Fundur 25. apríl 2017  
Fyrirlesari: Hlynur Arnórsson  
Efni: Rætur 3. og 4. stigs margliða  
Fundargestir: 18

## Vefur félagsins og félagsmiðlar

Á vef félagsins [www.stae.is/isf](http://www.stae.is/isf) er að finna allar helstu upplýsingar um starfsemi félagsins, svo sem fundi, ráðstefnur, útgáfustarfsemi, stærðfræðikeppnir og vefútgáfu orðaskrárinnar. Hefur Bjarnheiður Kristinsdóttir haft veg og vanda af að halda honum við.

Jafnframt heldur félagið úti póstlista (*Póstlisti Íslenska stærðfræðafélagsins* á [groups.google.com](https://groups.google.com)), síðu á snjaldurskinnu ([facebook.com/IslenkaStaerdfraedafelagid](https://facebook.com/IslenkaStaerdfraedafelagid)) og Twitter-síðu ([twitter.com/isstaef](https://twitter.com/isstaef)). Á þessum miðlum eru auglýstir fundir og aðrir viðburðir á vegum félagsins.

## Fjármál

Fjárhagsleg staða félagsins er alltraust í lok tímabilsins með eignir upp á 1.762 þús kr. Tekjur af félagsgjöldum voru alls 561 þús kr. Menntamálaráðuneytið styrkti félagið til þátttöku í alþjóðasamtökum stærðfræðinga um 150.000 kr. (Sjá meðfylgjandi gögn.)

## Félagatal og umsóknir um aðild

Eins og áður er getið eru alls 270 félagar í Íslenska stærðfræðafélaginu. Frá síðasta aðalfundi hafa 4 sótt um aðild að félaginu og mælir stjórnin með því að aðalfundur samþykki inngöngu þeirra í félagið: Að auki þyrfti að fara í átak að afla nýrra meðlima með kynningu félagsins fyrir útskriftarnemum.

Birna Helga Jóhannesdóttir

Kennitala : 081094-2689

Netfang : birnahelgaj@gmail.com

Nám : Bsc. í stærðfræði við Háskóla Íslands með fjármál sem kjörsvið.

Hafsteinn Einarsson

Kt. 140688-2829

Heimilisfang: Vesturberg 29, 111 RVK

Tölvupóstfang: haffie@gmail.com

Carlos Argáez García

Kt. 261083-3379

Heimilisfang: Bauganes 44, 101 RVK

Tölvupóstfang: balampixan@gmail.com

Nám: doktor í stærðfræði

Vésteinn Snæbjarnarson

Kt. 290988-2099 Heimilisfang: Karlagata 14, 105 RVK

Tölvupóstfang:

Nám:

## Alþjóðasamskipti

Félagið er aðili að Evrópska stærðfræðifélaginu og Alþjóðasambandi stærðfræðinga og greiðir gjöld til þeirra.

Fyrir þremur árum ákvað Rannís að greiða framlag Íslands til Mittag-Leffler stofnunarinnar í Stokkhólmi líkt og rannsóknaráð hinna Norðurlandanna gera

fyrir þau. Framlagið var jafnframt tvöfaldað og er það nú 4.500 evrur. Stærðfræðafélagið heldur samt áfram að skipa fulltrúa Íslands í stjórn stofnunarinnar. Núverandi fulltrúi er Ragnar Sigurðsson, en tímabil hans er á enda 1. júlí í sumar.

Kristín Bjarnadóttir er fulltrúi félagsins í International Commission on Mathematical Instruction.

Í ritstjórn stærðfræðitímaritsins *Mathematica Scandinavica* situr Ragnar Sigurðsson sem fulltrúi félagsins.

Á síðasta aðalfundi var Sigurður Örn Stefánsson gerður að fulltrúa félagsins í ritstjórn stærðfræðitímaritsins *Nordmat* (Nordisk matematisk tidsskrift) og gert er ráð fyrir að hann sitji þar áfram. Tímaritið hefur reyndar ekki verið virkt í mörg ár.

## Tímarit og fréttabréf

Útgáfustarfsemi félagsins hefur verið með daufasta móti þetta árið (sem og árin á undan). Ekki hefur enn tekist að endurreisa hið gamalkunna fréttabréf félagsins þó hugmyndir hafi komið fram um vefútgáfu þess. Engar bækur hafa heldur verið gefnar út á vegum félagsins undanfarin ár. Félagið er aðili að útgáfu RAUST, tímarits um raunvísindi og stærðfræði, en það virðist hafa lagst til hinstu hvíldar. Fulltrúi félagsins í ritstjórn tímaritsins er Stefán Ingi Valdimarsson.

Fyrir hönd stjórnar,  
Sigurður Freyr Hafstein